

Ársskýrsla stjórnar L. H.

Starfsárið 1984-'85
Reikningar ársins 1984



1. Stjórn L.H. 1985	bls.	1
2. Starfsmenn og skrifstofa		1
3. Yfirlit yfir FM 85		3
4. Hesturinn okkar		4
5. Samkomulag um Skógarhóla		5
6. Hestar 1985		7
7. Önnur útgáfustarfsemi		7
8. Ársskýrsla Íþróttaráðs L.H.		8
9. Reiðhöllin h/f		10
10. Samkomulag við Úrval		12
11. Úthlutun reiðvegafjár 1985		14
12. Starfsemin á Skógarhólum		16
13. Svæðisfundir		17
14. Umfjöllun um hestamennsku		18
15. Vörsluhólfín og framkvæmdir		19
16. Dýmarafraeðsla		20
17. Reiðskólamál		21
18. Mótanefnd og mótsdagar		21
19. Félagsbúningar		22
20. Erlent samstarf		22
21. Starfandi nefndir á vegum L.H.		24
22. Mótanefnd		25
23. Ársreikningur L.H. 1984		
24. Rekstrar- og efnahagsreikningur - Hesturinn Okkar 1984 .		
25. Árgjöld samkvæmt ársskýrslum 1984		
26. Bestu tímar kappreiða sumarið 1985		

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

SNORRABRAUT 54 — 105 REYKJAVÍK — SÍMI 2 90 99



Heiðursfélagar L.H.

H.J. Hólmjárn, Vatnsleysu
Bjarni Bjarnason, Laugarvatni
Jón Brynjólfsson, Reykjavík
Bogi Eggertsson, Reykjavík
Guðmundur Þorláksson, Skeljabrekku
Jón Pálsson, Selfossi
Kristinn Hákonarson, Hafnarfirði
Pétur Jónsson, Egilsstöðum
Símon Teitsson, Borgarnesi
Þorlákur Ottesen, Reykjavík
Gunnar Bjarnason, Mosfellssveit
Steinþór Gestsson, Hæli
Pálmi Jónsson, Reykjavík

SKÝRSLA STJÓRNAR LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA
STARFSÁRÍÐ 1984-1985

1. STJÓRN.

Starfsárið 1984-1985 skipuðu eftirtaldir aðilar stjórn Landssambands hestamannafélaga:

Aðalstjórn:

Formaður: Stefán Pálsson, Kópavogi.
Varaformaður: Kristján Guðmundsson, Reykjavík.
Ritari: Sigurður Haraldsson, Kirkjubæ, Rang.
Féhirðir: Gísli B. Björnsson, Reykjavík.
Meðstjórnendur: Egill Bjarnason, Sauðárkróki.
Guðrún Gunnarsdóttir, Egilsstöðum.
Skúli Kristjánsson, Svignaskarði, Mýr.

Varastjórn:

Gunnar Egilsson, Akureyri.
Guðmundur Jónsson, Mosfellssveit.
Sigurbjörn Björnsson, Borgarfirði.
Gunnar Gunnarsson, Arnarstöðum, Árn.
Kári Arnórsson, Reykjavík.

2. STARFSMENN OG SKRIFSTOFA L.H.

Starfsemi skrifstofunnar var með svipuðum hætti og síðari árin.

Á árinu voru haldnir 12 stjórnarfundir auk nokkurra smærri funda þeirra stjórnarmanna sem tók höfðu á að koma á skrifstofuna.

Einn fundur var haldinn bæði með aðal- og varastjórn, fyrsti fundur liðins starfsárs. Á þeim fundi var farið yfir ályktanir síðasta ársþings, nefndir skipaðar í ýmis verkefni. Með þessum hætti fá varastjórnarmenn auk aðalstjórnar tækifæri til að fylgja hinum ýmsu málum til nefnda. Einnig mættu varamenn á marga fundi stjórnar.

Einn starfsmaður er í fullu starfi, Sigurður Ragnarsson, eins og þrjú s.l. ár. Auk þess er stúlka í hlutastarfi er annast síma-vörslu og vélritun, sem þó er að verða breyting á, því aðrir aðilar sem á Snorrabraut 54 eru hafa að mestu yfirtekið þann starfskraft. Eins og fram kom í yfirliti yfir starfsemi skrifstofunnar á s.l. ári fluttist "Hesturinn okkar" í sama húsnæði

að Snorrabraut 54. Þar starfar í hlutastarfi Valdimar Kristinsson. Fullyrða má, að miðill styrkur er að sameiginlegri skrifstofu þar sem unnið er að svo náttengdum verkefnum.

Töluverður tími hefur farið í nefndarstörf hjá Sigurði Ragnarsyni, mjög margar starfsnefndir haf komið saman á skrifstofunni, þá hefur vaxandi tími farið í útgáfu á blaðinu "Hestar" en því miður ekki gefið þær tekjur sem vænst var og er umhugsunarefni að í framtíðinni borgi sig að leggja þá vinnu sem blaðinu fylgir, þar sem ekki er hægt að halda uppi tekjum. En eins og þeir muna sem fylgst hafa með starfsemi samtakanna á liðnum árum, þá var útgáfa "Hesta" fyrst og fremst hugsað sem tekjuöflunarleið til að hægt væri að halda manni í fullu starfi. Þá var fréttablaðið "Með jóreyknum" sent út til félaganna, en það flytur fréttir af því helstasem unnið er að á hverjum tíma.

Nokkur tími fór í samstarf við F.E.I.F., en Sigurður Ragnarsson er ritari í aðalstjórn, þó einkum tími sem fer í ferðir vegna funda erlendis.

Haldið var áfram vinnu við að setja eldri kvikmyndir á myndbönd sem eru til sölu á skrifstofunni og er mikil nauðsyn að halda því verki áfram, hreinlega til að bjarga þar verðmætum, því myndir þessar eru dýrmæt söguleg heimild.

Skrifstofan er opin alla daga frá kl. 09-17 og nauðsyn á að halda áfram þeirri starfsemi, þó kemur til álita, ef fallið verður frá útgáfu blaðsins "Hesta" að tengja betur saman starfsemi samtakanna og "Hestsins okkar" með því að nýta sameiginlega starfsmann, en sú ákvörðun bíður næstu stjórnar.

YFIRLIT YFIR F.M. '85

Fjórðungsmót sunnlenskra hestamanna F.M. '85, var haldið á Víðivöllum í Reykjavík 27. - 30. júní 1985.

Að mótinu stóðu 15 hestamannafélög á suður- og vesturlandi. Formaður framkvæmdanefndar og mótsstjóri var Gunnar Dungal og gjaldkeri framkvæmdanefndar var Hreinn Ólafsson. Framkvæmdastjóri var Gísli B. Björnsson.

Samdóma álit allra er að mótið hafi tekist mjög vel. Öll aðstaða til mótahalds hesthús, veitingaaðstaða, keppnisvellir séu með því besta sem hér þekkist. Framkvæmd dagskrár tókst með eindæmum, tímasetningar stóðust nákvæmlega og öll umgjörð mótsins var mjög smekkleg. Við alla útreikninga og röðun hesta var stuðst við tölvur og tölvuskerma. Á kappreiðum voru notaðir rásbásar með stýrðum opnunarbúnaði. Kvöldvaka á laugardagskvöld verður lengi í minnum höfð fyrir frábæra dagskrá sem stóð stanslaust í þrjá tíma. Á sunnudag var sjónvarpað beint frá mótinu í þrjá tíma og er það nýtt í íslenskri hestamennsku.

Á mótinu seldust líðlega 4000 miðar. Börn 12 ára og yngri fengu frítt. Vaktir beint á vegum mótsstjórnar voru um 100, vaktir sem dreift var á aðildarfélag voru 360 og um 100 vaktir voru beint á vegum Fáks sem sá um veitingar og hýsingu kynbótahrossa. Samtals voru því 700 manns er störfuðu við mótið. Allir þessir starfsmenn greiddu ekki aðgang. Tap varð á rekstri mótsins sem væntanlega verður deilt niður á aðildarfélag.

Aðsókn að mótinu varð minni en búist var við, þrátt fyrir mikla kynningu, samilegt veður, nema á laugardag, góða dagskrá og frábær hross og er hestamönnum verulegt áhyggjuefni.



HESTURINN OKKAR

Á loknu starfsári er það helst um útgáfu Hestins okkar að segja að þetta er fyrsta heila árið sem hann hefur aðsetur á Snorrabraut 54 á skrifstofu L.H. Sama fólk situr í ritnefnd og starfsmaður okkar er Valdimar Kristinsson og um líðlega mánaðarskeið í sumar leysti Eiríkur Jónsson hann af hólmi.

Hesturinn okkar hélt upp á 25 ára afmæli sitt í vetur og bauð ritnefndin forystumönnum landssamtakanna, fyrrverandi ritnefndarmönnum auk ýmissa velunnara blaðsins til kaffisamsætis 24. febr. Var þar rakin saga blaðsins og mörg ávörp flutt og Hestinum okkar þökkud samfylgdin.

Í tilefni afmælisins ákvað ritnefndin að fjölga tölublöðum árgangsins úr fjórum í fimm og jafnframt taka upp að nýju útgáfu ættbókar, sem hafði verið sárt saknað af mörgum. Kom út sérstakt ættbókarblað, 5. tölublað árgangsins, 80 síður að vöxtum. Þeir einir sem að útgáfumálum standa gera sér grein fyrir hversu mikil vinna liggur að baki slíkrri blaðaútgáfu og hversu kostnaðarsöm hún er þegar vandað er til útgáfunnar eins og við teljum okkur trú um að gert sé við Hestinn okkar. Nú er form ættbókar að nokkru breytt, myndum fjölgað, stóðhestum gerð meiri skil, ættartöflur aðgengilegri og einkunnir sundurliðaðar meir en fyrr.

Því miður höfum við enn ekki ráðist í að endurprenta þau tölublöð sem uppurin eru, en það er á stefnuskrá ritnefndar.

Fjárhagur er traustur, en því miður eru alltof margir vanskilamenn við blaðið og er hér með heitið á forystu hestamannafélaga að hvetja fólk til skilvísi og efla með því enn frekar blaðið.

SAMKOMULAG UM SKÓGARHÓLA

Samningur um afnot af Skógarhólum var undirritað í júní s.l. og gefur það L.H. afnotarétt af Skógarhólum til næstu tuttugu ára. Fer það samkomulag hér á eftir.

Leigusamningur um landsvæði við Skógarhóla í Þingvallasveit.

Þingvallanefnd gjörir kunnugt:

Að Þingvallanefnd leigir hér með Landssambandi hestamannafélaga (L.H.) landsvæði við Skógarhóla í landi Svartagils í Þingvallasveit. Hið leigða landsvæði er sem næst 90 ha. Um legu landsins og mörk vísast til loftmyndar af svæðinu, er fylgir samningi þessum og telst hluti hans.

Landið er leigt með eftirfarandi skilmálum og takmörkunum:

1. Landið er leigt til 20 ára frá 1. október 1985 að telja. Leigutaki á forgangsrétt á áframhaldandi leigu, verði landið leigt áfram að leigutíma loknum.
2. Leigutaka er heimil öll þau afnot af hinu leigða landi, sem þörf er á vegna áningar- og dvalarstaðar fyrir hestamenn, kappreiða, kennslu í hestamennsku, greiðasölu og mótshalds, sbr. þó grein 3.
3. Leigutaki ber ábyrgð á svæðinu, en getur falið ákveðnum aðildarfélögum L.H. framkvæmd og umsóknsv. sérstökum samningi, þó með samþykki leigusala hverju sinni. Ekki er heimilt að halda stórmót svo sem landsmót hestamanna eða fjórðungsmót að Skógarhólum á samningstímabilinu.
4. Leigutaka ber að hafa samráð við Þingvallanefnd um viðhald og ræktun á hinu leigða svæði. Nú verður ágreiningur, og hlítir leigutaki þá fyrirmælum Þingvallanefndar. Jarðrask eða byggingu mannvirkja er leigutaka heimilt að framkvæma að fengnu samþykki leigusala.
5. Leigutaki og leigusali girða hið leigða landsvæði eftir því sem báðum kemur saman um. Hvor um sig greiðir helming kostnaðar vegna þeirra girðinga, sem upp verða settar. Á það við um hvort tveggja, nývirki og viðhald. Girðingar verða ekki fjarlægðar nema báðir aðilar samþykki, sbr. þó grein 4. Leigutaki og leigusali hefjast handa um að skipuleggja svæðið vegna áningar og dvalarstaðar að Skógarhólum

og í samræmi við aðalskipulag Þingvalla. Leitað verði álits hreppsnefndar Þingvallahrepps um þessi efni. Leigutaki skuldbindur sig til að skila Þingvallarétt í nothæfu ástandi í ágústlok ár hvert.

6. Þegar samningur þessi rennur út, kaupir leigusali hlut leigutaka í mannvirkjum samkvæmt samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna verði ekki um áframhaldandi leigu að ræða. Um mannvirki sem koma til eftir gerð samningsins, fer innlausnarskylda eftir sérstöku samkomulagi hverju sinni.
7. Leigutaka ber að gæta þess, að engin spjöll verði á hinu leigða landi eða mannvirkjum. Með samþykki leigusala fær leigutaki eftirlitsmann til starfa á svæðinu í fjóra mánuði ár hvert. Eftirlitsmaður heldur svæðinu hreinu og greiðir fyrir gestum gegn gjaldi, sem notast til uppbyggingar svæðisins. Gjaldskrá verði ákveðin með samþykki Þingvallanefndar. Dagvinna og eftirvinna eins eftirlitsmanns greiðist af Þjóðgarðinum á Þingvöllum, svo og kostnaður vegna einnar ferðar í viku milli Skógarhóla og Reykjavíkur, fram og aftur. Nætur- og helgidagavinna greiðast af L.H. Eftirlitsmaður lýtur daglegri verkstjórn Þjóðgarðsvarðar.
8. Í leigu greiðir leigutaki 3% af fasteignamati, og er gjald-dagi 1. október ár hvert í fyrsta sinn 1. október 1985. Leigutaka ber að greiða alla skatta og skyldur, sem lögð kunna að vera á hið leigða land.
9. Leigutaki og leigusali lýsa yfir þeim vilja sínum, að komið verði á samstarfi um uppbyggingu Skógarhóla í Þingvallasveit. Þjóðgarðsverði og framkvæmdastjóra L.H. er eftir atvikum falið að annast öll dagleg samskipti og framkvæmdir, er að þessu miða.
10. Hvor aðili um sig getur óskað endurskoðunar á samningi þessum á fimm ára fresti. Rísi mál út af samningum má reka það fyrir aukadómþingi Árnessýslu.

Samningur þessi er undirritaður í þremur eintökum, einu fyrir hvorn aðila og einu til Þinglesturs, að viðstöddum vottum sem staðreyna rétta útgáfu, dagsetningu og fjárræði.

Reykjavík, 7. júní 1985.

F.h. Þingvallanefndar
Heimir Steinsson

F.h. Landssambands hestamannafélaga
Stefán Pálsson

HESTAR 1985 OG ÚTGÁFUMÁL.

Blaðið Hestar kom út með hefðbundnum hætti. Mikill tími fer í söfnun auglýsinga, en aðaltekjustofn blaðsins eru auglýsingar en sífellt er erfiðara að safna því auglýsingamagni sem þarf til að blaðið gefi þær tekjur sem ætlað er. Þessi auglýsingasöfnun ásamt efnisútvegun fer fram með öðrum störfum á skrifstofunni frá janúar fram í maí.

Útkoma þessa blaðs ætti að gefa í tekjur fyrir samtökin um 175.000,- kr.

Efni blaðsins var nokkuð svipað og frá fyrri blöðum, hefðbundið viðtal við stjórnarmann, Gísla B. Björnsson, auk fréttu og greina, mynda, getrauna o.fl. Myndir í blaðinu voru frá Sigurði Sigmundssyni, Eiríki Jónssyni og Valdimar Kristinssyni, en umbrot og útlit annaðist Haukur M. Haraldsson og Hjalti Jón Sveinsson annaðist ritstjórn.

ÖNNUR ÚTGÁFUSTARFSEMI

Prentaðar voru breytingar á lögum og reglum L.H. Hafa þær verið til sölu á skrifstofunni. Endurprentun á lögum og keppnisreglum, íþróttareglum og keppnisreglur F.E.I.F. voru endurprentaðar. Sala á þessum ritum er þó alltaf nokkuð takmörkuð.

Hestaskírteini hafa selst nokkuð og alltaf nokkur eftirspurn eftir smáritum L.H.

Myndbönd af Landsmótum hafa selst nokkuð og upplagið verið endurnýjað a.m.k. þrisvar. Þá hafa einnig verið til sölu aðrar kvikmyndir á myndböndum s.s. Kirkjubæjarmyndir og Hestadagar í Garðabæ.

Útlánur á eldri kvikmyndum L.H. er alveg hætt, enda tæplega um það að ræða, þar sem ekkert tal er á þeim myndum og sumar nokkuð illa farnar. Stefnt er að því að gefa út myndband fyrir júl með tveimur fyrstu Landsmótum L.H.

Á undirbúningsstigi er útgáfa þriggja smárita sem eru: Fóðrun og hirðing eftir Guðmund Jónsson, Reykjum, Börn/unglingar og hestamennska eftir Kristbjörgu Eyvindsdóttur og Járningar og hófhirða eftir Sigurð O. Ragnarsson.

Þá gaf skrifstofan út skráningarblað vegna ýmissa keppnisgreina til að auðvelda skýrsluform vegna kappreiða sem félögin nýttu sér í nokkrum mæli og eru til bóta varðandi skráningu keppnishrossa.

SKÝRSLA ÍÞRÓTTARÁÐS L.H.

Starf Íþróttaráðs var með svipuðu sniði og undanfarin ár, þó má segja að undirbúningur vegna þátttöku í Evrópumótinu hafi tekið mestan tíma stjórnarinnar.

Stjórnarfundir voru fimm þar af tveir á norðurlandi. Aðal umfjöllun á stjórnarfundum þessa starfsárs má segja að hafi verið breyttir starfshættir Íþróttaráðs, með það að markmiði að stjórn Íþróttaráðs fari meira með yfirstjórn íþróttamála innan vébanda hestamanna, auk þess að stuðla að betri og bættri samvinnu milli Íþróttaráðs annars vegar og stjórnar og skrifstofu Landssambandsins hins vegar, og er það skoðun stjórnar Íþróttaráðs, að samband og samstarf hafi verið betra nú en áður.

Þá þurfti stjórnin að taka afstöðu til óvenju margra mála sem var vísað ýmist til stjórnar eða millipinganefndar frá ársþingi Íþróttaráðs, á s.l. hausti. Mál þessi hafa fengið málefnalega umfjöllun og tekin til afgreiðslu á ársþingi Íþróttaráðs, á Dalvík 12. okt. s.l.

Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið á keppnissvæði Geysis á Rangárbökkum dagana 14. 15. og 16. júní s.l. og var mótið haldið í tengslum við félagsmót þeirra Geysismanna. Stjórn Íþróttaráðs aðstoðaði við mótshaldið, m.a. með útvegun dómara, dómblaða og þulastörf. Framkvæmd mótsins gekk vel fyrir sig og tókst mótið í alla staði vel. Þó má geta þess að þátttakendur í mótinu voru allir af suðurlandi utan tveir af vesturlandi og einn keppandi frá Noregi sem keppti sem gestur. Bæta má um betur ef mótið á að kallast Íslandsmót. Stjórn Íþróttaráðs færir hér með íþróttadeild Geysis þakkir fyrir gott mót.

Undirbúningsnefnd vegna Evrópumóts var sett á laggirnar í árslok 1984 og voru eftirtaldir aðilar tilnefndir í nefndina:

Hallgrímur Jóhannesson, Íþróttaráði, formaður,
Sveinn Jónsson, Íþróttaráði, gjaldkeri,
Snorri Ólafsson, Sleipni, f.h. íþróttadómara,
Sigurður Ragnarsson og Valdimar Kristinsson, f.h. L.H. og
Jóhann Steinsson, f.h. S.Í.S.

Þess má geta að fulltrúi S.Í.S. baðst undan setu í nefndinni, þar sem Sambandið myndi ekki taka þátt í eða veita stuðning í þeirri mynd sem áður hafiði verið.

Nefndin tók til starfa í ársbyrjun 1985 og vann í fyrstu að gerð keppnisreglna (lykils) vegna úrtökukeppni fyrir EM mótið. Haldnir voru tveir kynningarfundir vegna lykilsins í Reykjavík og á Akureyri. Úrtökukeppnin fór svo fram á Víðivöllum dagana 5. og 6. júlí s.l. Erfitt reyndist að fá fólk til starfa í fjáröflunarnefnd og fór svo að formanni var falið að koma á fót fjáröflun og fékk hann eftirtalda aðila til starfa í nefndinni:

Þorsteinn Steingrímsson, Fákí, formaður,
Sveinn Jónsson, Sörla, gjaldkeri,
Ragnar Tómasson, Fákí,
Aðalsteinn Aðalsteinsson, Herði,
Lárus Sigmundsson, Fákí,
Sigurður Ragnarsson, L.H.

Auk þess komu til starfa í nefndinni knapar sem keppa áttu fyrir Íslands hönd, eftir að úrtökukeppni hafði farið fram.

Ljóst var að erfitt verkefni beið nefndarinnar þá er hún hóf störf, þar sem ljóst var skv. framansögðu að S.Í.S. var horfið út úr myndinni með sinn verulega stuðning. Þó tókst fyrir elju og samheldni nefndarmanna að ná betri árangri en nokkru sinni áður og vísast í því efni til reikninga gjaldkera.

Ég vil láta þess getið að ég dreg ekki saman árangur einstakra keppenda af Íslandsmóti eða úr Evrópumeistaramóti, né niðurstöður þeirra móta, en vísa til fréttu í fjölmiðlum svo og væntanlegs annáls í Hestinum okkar.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar Íþróttaráðs þakka þeim er unnu í þágu Íþróttaráðs í undirbúnings og fjáröflunarnefnd vegna EM. Þá vil ég þakka vel unnin störf dómara á sumrinu og að lokum vill stjórn Íþróttaráðs þakka fyrir gott samstarf við stjórn L.H. svo og framkvæmdastjóra L.H.

REIÐHÖLLIN H.F.

Á síðasta þingi var samþykkt að L.H. gerðist aðili að stofnun félags um byggingu reiðhalla. Samþykkt var framlag frá L.H. sem næmi 700 þúsundum á verðlagi þess tíma og deildist greiðsla á þrjú ár.

Félagið Reiðhöllin h.f., var formlega stofnað 12. janúar 1985. Stofnaðilar voru 23 félög, fyrirtæki og einstaklingar.

Félagssamtökin auk L.H. voru Búnaðarfélag Íslands, Félag hrossabænda og Félag tamningamanna.

Hestamannafélögin Fákur, Trausti, Hörður og Andvari voru að auki meðal stofnfélaga. Á stofnfundi söfnuðust tæpar 4 milljónir í hlutafjárloforð. Í stjórn, frá L.H. voru valdir Gísli B. Björnsson og Skúli Ö. Kristjánsson til vara.

Formaður sjö manna stjórnar er Sigurður Línadal bóndi.

Skömmu eftir stofnun félagsins var Valdimar G. Guðmundsson, byggingafræðingur ráðinn til að vinna að endanlegum teikningum að byggingunni. Þær teikningar liggja nú fyrir og verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsen (VST) hefur verið fengin til að sjá um verkfræðiteikningar, annast útboð byggingaþátta og vera til aðstoðar við framkvæmd.

Í vor var Gylfi Geirsson ráðinn starfsmaður stjórnar í hálfstarf, m.a. til að vinna að hlutafjársöfnun. Nú í október eru hluthafar orðnir liðlega 80 og hlutafé um 6 milljónir og stöðugt bætast fleiri í hópinn. Stjórn Kjarnfóðursjóðs hefur lagt til við landbúnaðarráðherra að veita byggingunni tvær milljónir úr sjóðnum sem framlag.

Unnið er að því að framkvæmdir við grunn og sökkla geti hafist nú í haust eða snemma næsta vor. Efnt verður til útboðs um sem flesta byggingarþætti. Ljóst er að hér verða margir aðilar að leggjast á eitt og sameinast um þessa framkvæmd. Safnað er sem lágmark þrjátíu þúsund króna hlutafjárloforðum frá hverjum aðila. Stjórn Reiðhalla h.f. heitir á hestamannafélögin og hestamenn, sem einstaklinga, að gerast hluthafar. Greiðslum má dreifa á þrjú ár.

Markmiðið er að byggingin verði risin og það langt komin að nota megí hana 1987.

Staðan í dag

Hluthafar eru nú (í sept. 1985) um 80 og fjölgar daglega. Hér er um að ræða félagssamtök, fyrirtæki og einstaklinga. Lágmarkshlutabréf er kr. 30 þúsund og má greiðast á þremur árum, vaxtalaust en með byggingarvísitölu. Hlutfjárloford eru nú kr. 6 milljónir og framlag úr Kjarnfóðursjóði er kr. 2 milljónir. Unnið er að teikningum og í haust verður hafist handa við bygginguna og áætlað ljúka sökkulum fyrir veturinn.

Að hverju er stefnt

Markmiðið er að fyrsti áfangi byggingarinnar, húsið lokað og völlum frágenginn, verði tilbúinn vorið 1987. Stefnt er að því að safna nú í þennan áfanga minnst 10 milljónum í hlutfé, fyrir utan framlög og lán. Markmiðið er að fá 200 – 300 hestamenn sem hluthafa. Því fleiri sem hluthafar verða því fyrr getur húsið risið og því fyrr verður byggingu þess lokið.

REIÐHÖLLIN HF

Félagsheimili Fáks
110 Víðivöllum v/Selás Reykjavík, sími 91-82355

Hlutfjárstöfnun stendur nú yfir

Hestamenn:

Gerist stofnfélagar

Reiðhöllin verður byggð með stuðningi einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka.

Gylfi Geirsson
er starfsmaður Reiðhalla
Sími: 82355

SAMKOMULAG VIÐ ÚRVAL

Á seinni hluta ársins hóf framkvæmdastjóri L.H. viðræður við ferðaskrifstofuna Úrval.

Fyrstu viðræður snérust eingöngu um þann möguleika hvernig nýta mætti gagnkvæma samvinnu í ferðamálum í tengslum við viðburði héraðs og erlendis sem tengdust hestamennsku.

Um áramótin lágu svo fyrir drög sem í stórum dráttum voru á þessa leið:

Ferðir til Íslands.

- Úrval bjóði uppá fjölbreytta ferðamöguleika til Íslands fyrir erlenda hestamenn, sem kynntir verði á öllum helstu sýningum og mótum erlendis og inna F.E.I.F.
- Úrval kynni Landsmótið 1986 á Hellu, erlendis.
- L.H. aðstoði Úrval eftir atvikum í tengslum við fundi og sýningar.
- L.H. tilnefni Úrval sem fulltrúa sinn varðandi skipulagningu ferða til Íslands á Landsmót 1986.

Ferðir frá landinu.

- Úrval annist í samráði við L.H. skipulagningu og undirbúning ferða hestamanna á viðburði erlendis s.s. Equitana Evrópumót '85 o.fl. L.H. aðstoðar við kynningar innanlands m.a. til formanna o.fl.
- Úrval leggur til 3 farseðla árlega vegna ferða á stjórnarfundum F.E.I.F. erlendis.
- Í tengslum við hópferðir á Evrópumót mun Úrval hlutast til um að 9-10 keppendur Íslands njóti verulegs afsláttar vegna þeirra viðskipta.
- Samkomulag þetta gildir frá 1. jan. 1985 til 31. des. 1986. Hugsanlegar breytingar skulu gerðar sem viðauki við samkomulagið.

VARDANDI LANDSMÓT 1986, viðauki.

- A. Úrval leggur til vinning í happdrætti mótsstjórnar.
- B. Úrval greiðir fyrirfram umsamda upphæð til L.H. af hverjum þeim erlenda ferðamanni sem bókar sig vegna mótsins á vegum Úrvals.
- C. Úrval aðstoðar við kynningu erlendis v. mótsins.
- D. Úrval eigi viðræður við Flugleiðir um sérfaregjöld fyrir erlenda ferðamenn.
- E. Landsmótið veiti Úrvali einum ísl. ferðaaðila umboð til að útbúa "pakka" vegna mótsins.
- F. L.H. aðstoði Úrval með kynningar á þessum "pakka".

Samkomulagið var síðan endanlega samþykkt í jan.- febr. 1985 og öðlaðist þá þegar gildi. Var síðan starfað eftir þessu samkomulagi varðandi undirbúning ferðar á Evrópumótið í Svíþjóð og naut keppnisveitin þess að verulegu leyti hvað varðaði far-gjald fyrir knapa og dómara.

Þer að þakka öllum þeim er að hópferðinni stóðu, því eins og að framan greinir, nutu íslensku knaparnir þess að fá farseðla á mótið.

ÚTHLUTUN REIÐVEGAFJÁR 1985.

Við úthlutun reiðvegafjár að þessu sinni var tekið tillit til nýrra reglna sem samþykktar höfðu verið á 35. ársþingi í Hafnarfirði.

Sú regla gerir ráð fyrir að 9-12 félög fái úthlutað árlega. Tillit er tekið til upplýsinga sem fylgja umsóknum en megin áherslan lögð á þau félög er næst liggja fjórðungs eða landsmótssvæðum hverju sinni.

Nefnd sú sem um úthlutun fjallaði tók sér nokkuð langan tíma, til úthlutunar voru aðeins kr. 430.000.-.

Alls bárust 23 umsóknir og fengu 9 félög fjárveitingu, sem hér segir:

Geysir	140.000,-
Sleipnir	135.000,-
Fákur	50.000,-
Sörli	25.000,-
Máni	25.000,-
Hörður	25.000,-
Dreyri	10.000,-
Grani	10.000,-
Stormur	10.000,-

Samtals: 430.000,-

Þá var lagt fram fé af reiðvegaskjóði til að greiða að hluta þann kostnað vegna ræsagerðar við Þjórsá í landi Brúsastaða samtals kr. 15.800.-.

Landgræðsla ríkisins tók einnig þátt í því að breyta farvegi Þjórsár til að koma í veg fyrir það mikla landbrot sem átt hefur sér stað að undanfögnu.

Reiðvegamálin í heild eru ekki í nógu góðu lagi og árangur af því samkomulagi sem gert var við Vegagerðina 1981 hefur ekki skilað sér eins og menn vonuðust til.

Fundur var haldinn í Reykjavík 27. sept. s.l. með fulltrúum frá L.H. og Vegagerðinni.

Mettir voru fulltrúar úr landshlutunum sem eiga að fylgjast með að samkomulagið við Vegagerðina frá 1981 sé haldið.

Rædd voru ýmis mál er varða samkomulagið, svo sem hverjir eigi að kosta reiðleiðir með hraðbrautum. Það er skilningur stjórnar L.H. að kostnaður við að gera reiðfærar leiðir, þar sem þess gerist þörf meðfram akvegum sé hluti af heildarkostnaði við uppbyggingu vegarins og að beri að gera ráð fyrir þeim kostnaði við útboð veganna. Sami skilningur kom fram hjá talsmönnum Vegagerðar, að undanskildum umdæmisverkfræðingum.

Fundurinn endaði með því að fulltrúar L.H. óskuðu eftir að yfirstjórn vegamála komi þessum skilningi inn hjá öllum sínum undirmönnum, þannig að í framtíðinni yrðu ekki frekari árekstrar varðandi þessi atriði.



HESTAMENN

Verum samtaka um notkun öryggis- og endurskinsmerkja á hesta okkar.

STARFSEMIN Á SKÓGARHÓLUM.

Í sumar hafa hestamenn notfært sér í vaxandi mæli þá aðstöðu sem komin er upp í Skógarhólum. Staðurinn var opnaður almennt umferð í maílok og var þá búið að byggja upp hreinlætisaðstöðu sem getur þjónað allri þeirri umferð sem svæðinu tengist.

Sú framkvæmd reyndist allmiklu dýrari en ráð var fyrir gert. Innréttaður var hluti af hesthúsbyggingunni sem staðið hefur ónotaður um árabil og er um 15 m² að stærð. Þar eru tvö vatns-salerni auk skol- og þvottaaðstöðu. Lætur nærri að um 2000 hross hafi komið á svæðið í sumar og líklega um 1000 manns sem notið hafa gistingar eða áningar. Útbúið hefur verið svefnpláss fyrir 5 manns í kojum og má segja að um hverja helgi hafi sú aðstaða verið fullnýtt.

Girðingar voru allar lagfærðar og hólf skipulögð m.t.t. beitar í öllum hólum.

Rennandi vatn var á tjaldstæðum og bætt aðstaða til gistingar, auk þess sem vörslumaður hafði aðsetur í litlum skúr sem fenginn var hjá Vegagerð ríkisins.

Áburðargjöf var með líku sniði og undanfarin ár og dreift bæði með traktor og flugvél.

Umsjónar- og vörslumaður var sá sami og s.l. ár, Gísli Jónsson, Kjalarnesi, en kona hans Erna Gunnarsdóttir lagði honum lið og var svæðinu haldið hreinu og öll umgengni var til fyrirmyndar. Eru þeim hjónum færðar bestu þakkir fyrir ómetanleg störf í þágu hestamanna.

Nú má segja að starfsemin sé mótuð, þörf á vörslu sé frá maí til ágúst ár hvert. Með þeim framkvæmdum sem ráðist var í í sumar er hægt að segja að miklum áfanga hafi verið náð og ekki sé nauðsynlegt fyrir samtökin að leggja út í meiri stofnkostnað á næstu árum miðað við óbreyttar aðstaður.

SVÆÐISFUNDIR.

Haldnir voru þrír svæðisfundir á árinu. Á þessum fundum gefst formönnum og stjórnarmönnum tækifæri til að skiptast á skoðunum um framkvæmdir og málefni er samtökin varðar og einstök hestamannafélög.

Fundur var haldinn í vetur á Selfossi og þar voru á dagskrá ýmis mál sem varða samtökin, en hæst bar þó umræður um vegagerðarmálin á Þjóðvegum.

Þá var haldinn fundur á Akureyri í vor og þar bar á góma ýmis mál m.a. umræða um tengsl L.H. við dreifbýlið auk fjölda mála er varða félagsstörf, þjónustu og tengsl.

Í framhaldi af Akureyrarfundi var haldinn fundur á Húsavík og mættu þar áhugasamir formenn auk félagsmanna úr nágrennafélögum og sem fyrr bar ýmis mál á góma og stóð sá fundur fram eftir degi og mörg mál krufin til mergjar s.s. kappreiðar og mótahald, fræðslumál o.m.fl.

Fræðslustarf hefur verið með minna móti og erfitt að benda á beinar orsakir. Helst er þó því til að dreifa að erfitt er að fá fyrirlesara og eins hið að starfsmaður skrifstofunnar er mjög upptekinn af daglegum störfum. Þskilegt og reyndar nauðsynlegt verður að teljast að leggja meiri áherslu á þann þátt.

UMFJÖLLUN UM HESTAMENNSKU.

Skrif og fréttir af hestamennsku hafa verið óvenjumikil á þessu tímabili.

Nefna má að flest ef ekki öll dagblöðin birta nokkuð reglulega fréttir úr hestamennsku.

Þá ver að nefna að nýr þáttur hóf göngu sína í útvarpi og fjallaði hann um hestamennsku. Kom þessi þáttur reglulega einu sinni í viku. Segja má að e.t.v. hafi tímasetning hans verið slæm, föstudagskvöld kl. 22, en ekki verður annað sagt en að þetta sé góð byrjun og vonandi að útvarpið gefi stjórnanda þáttarins fleiri tækifæri til að útvarpa fréttum og viðtölum úr hestamenskunni.

Ef á heildina er litið má telja útkomuna góða í þessum málum, ef undan er skilið sjónvarpið sem ekki hefur enn tekið upp fasta dagskrá um hestamennsku í íþróttapáttum, þótt margt hafi verið vel gert. Má þar nefna umfjöllun um Fjórðungsmót í Reykjavík, ein einmitt eitthvað slíkt sem þar gaf að líta, er kærkomið fyrir hestafólk að fá að sjá í sjónvarpinu. Ef til vill er hægt að ná meiri árangri á þessu sviði sem öðrum ef hestamañ standa saman um að láta í sér heyra um það sem vel er gert og mætti betur fara.

VÖRSLUHÓLFIN OG FRAMKVÆMDIR.

Beitarskattur hefur nú verið innheimtur af félögum í nær þrjú ár og mun renna sitt skeið á enda nú í ár. Á þessum tíma hefur verið innheimt af félögnum rúml. 400.000,- kr. samtals og er það fé geymt í sérstöfum sjóði á vegum L.H. að frádregnum þeim framkvæmdum er unnið hefur verið fyrir á tímabilinu eða loforð veitt.

Á þessum tíma hefur verið úthlutað í eftirtaldar framkvæmdir:

Geysir - Sindri	- áning í Þórsmörk
Hornfirðingur - Freyfaxi	- áning í Víðidal*
Feykir - Snæfaxi	- áning á Öxarfjardarheiði
Neisti	- áning á Grímsstunguheiði
Faxi	- áning í Langavatnsdal eða við Múla í Hraunhr.
Óðinn	- áning á Hveravöllum og eða Galtará
Léttir	- áning á Sörlastöðum í Fnjóskadal
Smári	- áning Fosslæk og Leppistungur
Sleipnir	- áning við Þjórsá
Glæsir	- áning við Sólgarða
Máni	- áning á Krókamýri

*) Óskað hefur verið breytinga á þessari staðsetningu.

Þá hefur sjóðurinn einnig greitt framkvæmdir við Álftrák og í Skógarhólum.

Það vekur hins vegar athygli að einungis örfá af þessum verk-efnum hafa verið leyst af hendi, og framkvæmdir í sumum tilvikum aldrei hafist. Markmiðið með þessari skattlagningu var það að bæta áningarstaði með ákveðnum fjárstyrk og félagsmenn sæju um framkvæmdir. Hverjar þær orsakir eru fyrir þessu framkvæmdaleysi eru ekki alveg ljósar, en hitt er augljóst að með byggingu vörsluhólfa stórbatnar öll aðstaða til ferðalaga á hestum og er ekki vanþörf á þar sem ferðalög á hestum færast í vöxt og mikið öryggi í því að góð vörsluhólf séu til staðar bæði í byggð sem í óbyggðum.

DÓMARAFRÆDSLÁ.

Allnokkur umræða hefur verið um menntun dómara og fræðslu um gæðingadóma.

Stjórn L.H. hlutaðist til um að haldið var dómaramámskeið í Reykjavík í vor í tengslum við ákvæði um dómaramenntun vegna Fjórðungs- eða Landsmóts. Einnig höfðu komið fram raddir um að skortur væri á dómurum á Suðvesturlandi.

Var auglýst eftir þátttöku í apríl og boðið uppá námskeið í gæðingadómum 10. maí.

Þátttakendur voru alls þrettán frá ýmsum félögum á Suður- og Suðvesturlandi. Nokkuð sambærilegar kröfur voru gerðar á þessu námskeiði miðað við udanfarin ár og voru 10 nemendur sem stóðust próf og fengu réttindi sem gæðinga- og unglingadómarar.

Formaður Dómarafélags L.H. var einnig á ýmsum fræðslufundum og útskýrði gæðingadóma og það dómkerfi sem stuðst er við. Heimsótti hann nokkur félög í þessum tilgangi og mæltist það vel fyrir.

Námskeið fyrir dómara í hlýðniæfingum var auglýst á vegum Íþróttaráðs L.H., en féll niður vegna ónógrar þátttöku.

Fræðslumál dómara virðast ekki vera í nægilega föstum skorðum og veldur það nokkrum áhyggjum því endurnýjun verður að eiga sér stað. Ástæða er til að ætla að þessi mál verði tekin fastari tökum í framtíðinni og skipulag þeirra verði endurskoðað.

Þá hefur skipulag Dómarafélagsins varðandi niðurröðun dómara á mótum gengið vel, þar hefur verið reynt að skipta dómstörfum niður.

Af erlendum vettvangi var okkur boðið að senda út 1 - 2 dómara til umræða um dómkerfi F.E.I.F. á næsta Evrópumót.

Því miður voru ekki tök á að senda neinn á þann fund, en möguleika haldið opnum að senda dómara til starfa á E.M. sem og varð. Er ekki annað hægt að segja en að íslensku dómaramenn hafi starfað þar af öryggi.

Rétt er þó að fylgjast með dómstörfum erlendis eins og kostur er, auk þess sem dómarafræðsla verði eflað hér innanlands til mikilla muna.

REIÐSKÓLAMÁL.

Seint á árinu 1984 barst til L.H.niðurstaða nefndar sem starfaði milli ársþinga og vann við tillögur að mótun reiðskóla.

Í þessari nefnd sátu ýmsir einstaklingar hagsmuna- og félagasamtaka innan hestamannahreyfingarinnar og þær tillögur sem hún lagði fram, má segja að hafi verið allítarlegar og mótandi.

Þessar tillögur voru síðan sendar til Búfræðslunefndar og hafa verið þar til umfjöllunar síðan. Hefur helst verið rætt um námsbrautir í bændaskólum og gæti það orðið mikil lyftistöng fyrir þá sem vilja mennta sig sérstaklega á þessu sviði.

Með þessum tillögum er lagður grunnur að ríkisstuddum reiðskóla eða námsbrautum í hestamennsku og er ekki annars að vanta en að Búfræðslunefnd komi þessum tillögum frá sér hið bráðasta.

MÓTANEFND/MÓTSDAGAR

Sem fyrr reyndist erfiðleikum bundið að koma saman mótaskránni, án árekstra. Umsóknarfrestur var til loka janúar, en umsóknir bárust ekki fyrr en langt var liðið á febrúar og mars.

Mótanefnd gerði sitt besta til að leysa hnúta sem sýnilegir voru og má segja að það dæmi hafi gengið upp að lokum með góðum vilja allra sem hlut áttu að máli.

Mörg félagsmót eru nú orðin s.k. lokað félagsmót sem ekki hafa áhrif á önnur, hvorki hvað aðsókn varðar né þátttöku. Það eina sem erfitt getur reynst að samræma er sá hópur dómara sem til starfa býðst. Oft er erfitt að skipa svo fyrir að dómara geti annast mótið án of mikils álags vegna of tíðra móta í þéttbýli, eða langra ferðalaga og oft lélegs aðbúnaðar.

Mótanefnd L.H. mun gera töllögu til ársþinga 1985 um að breyta þessu fyrirkomulagi og einungis birta skrá yfir þau stærstu mót sem haldin verða í hverjum fjórðungi.

FÉLAGSBÚNINGAR.

Umsóknir um félagsbúninga eru ávallt nokkrar á hverju ári og sífellt fjölgar þeim félögum sem koma sér upp búningum.

Enn vantar nokkur og eru þau félög hvött til að senda tillögur inn til skrifstofu L.H. svo samþykki liggi fyrir í góðum tíma fyrir landsmót.

Þau félög sem enn ekki hafa sótt um búning eru:

Feykir - Öxarfirði

Gnýfari - Ólafsfirði

Goði - Fáskrúðsfirði

Félagsfánar félaga eru ekki allir til staðar og vantar inn í safnið nokkur félög. Eru félögin enn og aftur hvött til þess að koma reglu á þessi mál og senda inn tillögur að merki ef ekkert er til eða senda inn borðfána sína til L.H.

Nokkur félög hafa ekki sent inn ljósmyndir í lit af búningum.

Þau eru:

Hringur - Dalvík

Trausti - Laugard.

Hörður - Kjós

Smári - Hreppum

Kinnsker- A-Barð.

Sleipnir - Selfoss

Kópur - A-Skaft.

Snæfaxi - Þórshöfn

Stormur - Vestfj.

Blakkur - Strandas.

Stígandi - Skagaf.

Nýir búningar og/eða breyttir:

Snæfaxi

Blakkur

Grani

Sleipnir

Andvari

ERLENT SAMSTARF

Þátttaka Íslands í erlendu samstarfi hefur farið vaxandi. Samstarf L.H. við erlend félög um upplýsingar og tengsl vegna íslenska hestsins og er nú skrifstofan orðin nokkuð virkur tengiliður í erlendu samstarfi, þar sem Sigurður Ragnarsson er fulltrúi Íslands í aðalstjórn F.E.I.F.

Allmörg erlend tímarit berast til skrifstofunnar og ýmsar upplýsingar berast þangað um stöðu mála og félagslega starfsemi, sem gagnlegt er að fylgjast með á hverjum tíma. Nokkuð er leitað til samtakanna um dvöl íslenskra unglinga erlendis og samskipti við Evrópusamtökin eru góð.

Ýmsar ráðstefnur hefur þó reynst erfitt að sækja og kemur þar til mikill ferðakostnaður, þótt ýmis vandamál hafi þar verið leyst. Bréfaskipti og símtöl koma þar til að miklu leyti, en fylla þó hvergi nærri allt það sem til þarf að koma.

Ræktunar- sölu og íþróttamál hafa mismikla þýðingu í þessum samskiptum, en þó ávallt reynt að halda uppi þræðinum á þessum sviðum.

Samstarfsnefnd um þessi málefni í heild er starfandi, en ekki hefur reynt verulega á það að hún fjalli um mál líðandi stundar þar sem skrifstofan hefur létt þessu að miklu leyti af nefndinni.

Stjórnarfundir F.E.I.F. hafa verið haldnir þrír á tímabilinu auk aðalfundar F.E.I.F. í tengslum við E.M. í Svíþjóð. Á þann fund mættu fulltrúar Íslands, þeir Stefán Pálsson, L.H. og Þorkell Bjarnason B.I. Stjórnarmaður Íslands, Sigurður Ragnarson og Gunnar Bjarnason voru einnig á fundinum. Á þeim fundi var samþykkt að halda sumarbúðir fyrir unglunga frá öllum aðildarlöndum F.E.I.F. næsta sumar.

Þá var einnig samþykkt að halda ráðstefnu um dómara- og íþróttamál næsta vor.

Evrópumót var ákveðið að halda næst í Austurríki, en dagsetning liggur ekki fyrir.

Stjórn F.E.I.F. skipa nú:

Volker Ledermann, forseti, Þýskalandi
Marit Jonsson, varaforseti, Danmörku,
Sigurður Ragnarsson, ritari, Íslandi,
Hans Pfaffen, gjaldkeri, Sviss
Hans Bj. Boudri, ræktunarfulltr., Hollandi
Marcel Schabos, sportfulltrúi, Hollandi
Karl H. Koll, fréttfulltrúi, Þýskalandi.

Næsti aðalfundur samtakanna verður líklega haldinn á Íslandi í tengslum við Landsmótið á Hellu 1986.

STARFANDI NEFNDIR Á VEGUM L.H.

Gæðinga og unglinganefnd: Í nefndinni eiga sæti:

Árman Gunnarsson, formaður,
Aldís Björnsdóttir,
Gunnar Egilsson,
Gísli Haraldsson,
Egill Bjarnason,
Sigurjón Gestsson og
Grímur Gíslason, öll búsett á norðurlandi.

Nefndin hefur haldið fjóra formlega fundi auk nokkurra símleiðis. Fyrsti fundurinn var haldinn á Sauðárkróki 17. febrúar. Var meginmál þess fundar að gera tillögur um skipan gæðinga- og unglingadómnefnda á FM '85 í Reykjavík, samkv. skriflegri ósk framkvæmdanefndar mótsins til L.H. Annar fundur var haldinn á Akureyri 13. september. Þar var farið yfir reglur um gæðinga- og unglingakeppni og samdar breytingatillögur þar um til flutnings á ársþingi L.H. á Akureyri, og var þar stuðst við greinargerð frá dómarafélagi L.H. um ný viðhorf í þessum efnum. Fulltrúi dómarafélagsins, Jóhann Þorsteinsson á Miðsitju, sat þennan fund að beiðni nefndarinnar.

Tveir fundir voru síðan haldnir í Laugasteini í Svarfaðardal 16. sept. og 20. sept. Var þar gengið endanlega frá tillögum nefndarinnar og dómarafélags L.H. til ársþingsins.

Nefnd þessi kom sér í upphafi upp fundargerðarbók og eru öll helstu störf hennar skráð þar.

Mótanefnd.

Í Mótanefnd sátu eftirtaldir menn:

Hallgrímur Jóhannesson, form.,
Skúli Ögm. Kristjánsson,
Hreinn Ólafsson,
Örn Ingólfsson,
Guðm. Steindórsson,
Guðm. Þorleifsson,
Jónas Vigfússon,
Agúst Ingi Ólafsson.

Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri L.H. sat fundi með nefndinni.

Nefndin sá um niðurröðun mótsdaga og gekk á eftir því við félögin að þau sendu inn tilkynningar og umsóknir um mótsdagana.

Nefndin hafði til undirbúnings ráðstefnu um kappreiðamál og störf dómara á kappreiðum, en af því gat ekki orðið vegna ýmissa ástæðna. Hefur nefndin í huga að stefna að slíkri ráðstefnu fyrir Landsmótið 1986.

Nefndin fjallaði nokkuð um agamál og taldi að samþykktar agareglur L.H. væru til bóta, en taka ætti mið af því á næsta ársþingi hvernig þær væru í framkvæmd.

Nefndin fjallaði um staðfestingu meta og áskildi sér rétt til að vísa umsóknum frá ef ekki fylgdu tilskilin gögn, eða aðrar forsendur nægðu ekki til staðfestingar.

Nefndin hvetur hestamannafélögin til að eignast vindmæla, en þá má fá nú keypta á vægu verði og mjög auðvelda í notkun.

Nefndin hefur gert ályktun um eftirfarandi:

- "Að félög innan L.H. stefni að því að sameina mótsdaga og mótahald inna fjórðunga landsins og að minni félagsmót séu lokuð".
- Nefndin leggur til að í kappreiðareglur L.H. komi málsgrein sem hljóð svo:
"Met í kappreiðum skv. kappreiðareglum L.H. verði ekki staðfest nema þau séu sett innan áður auglýstrar dagskrár".
- "Hestur sem er að flytjast milli flokka í hlaupagreinum úr styttri hlaupum í lengri, en hefur náð góðum tíma, fái að njóta þess við skráningu, hafi ekki verið aðstæður til tímatöku eða kappreiðar haldnar í millitíðinni".

Mótanefnd hélt fimm fundi á tímabilinu og fundir voru haldnir á Snorrabraut 54.



Hestamenn

Á vegum LH eru gefin út eftirfarandi rit:

Hesturinn minn
Sprett úr spori
Smárit 1-2

Hestaskírteini

Lög og reglur L.H og viðbætur

Myndbönd af landsmótunum 1978 og 1982 til í VHS og BETA á íslensku og þýsku

Í undirbúningi er áframhaldandi útgáfa smárita LH og útgáfa myndbanda af fyrstu landsmótum LH auk endurskoðunar á lögum og reglum og útgáfa leiðbeiningarbæklinga um hesthúsbyggingar.

Leitið upplýsinga eða pantið hjá skrifstofu LH, Snorrabraut 54 105 Rvík. s. 29099.

Nokkrir punktar af starfssemi Skógarhóla 1985.

Á meðfylgjandi myndum má sjá hluta af þeim framkvæmdum sem unnið var að í sumar.

Geysilegur straumur ferðamanna kom í heimsókn á staðinn og þrátt fyrir erfið veður á köflum, var næstum samfelld aðsókn hestamanna af stór Reykjavíkursvæðinu til Skógarhóla..

Nokkrir hópar höfðu þar viðkomu með miseftirminnilegum hætti, en það sem skilur eftir hvað skemmtilegasta minningu er dvöl "Heiðavinafélagi og Glaðheimabænda" á Skógarhólum. Þeir komu norðan úr landi frá Hvammstanga og nágrenni. Þeir voru hagyrðingar og skáld margir og kvöddu Gísla vörslumann með eftirfarandi vísu:

Þegar ber að garði gest,
garpar mikið sýsla.
Þá er gott að hýsa hest,
í húsinu hjá Gísla.


Undir þetta rituðu svo félagarnir að norðan,:

Tryggvi, Jón, Brynjólfur, Steinbjörn, Sigfús, Þórhallur, Ólafur og Guðmundur, Hvammstangamenn, sem átt höfðu ánægjulega viðdvöl á Skógarhólum. Er ánægjulegt til þess að vita að staðurinn er ekki einungis setinn af hestamönnum af Reykjavíkur og nágrennafélögum, heldur einnig af ferðalöngum sem koma að norðan eða vestan og vita af skjóli og beit.


Þá gistu á staðnum nokkrir stórir hópar, allt upp að hundrað manna og meira til. Héldu nokkrir þar til, á leið í lengri áfanga, og gerðu sér dagamun með kvöldvökum og grillveislum.

Var umgengni flestra til mikils sóma og ánægju fyrir staðarhaldara og sýnt er að með þessu fyrirkomulagi mun staðurinn hasla sér viðeigandi sess á nýjan leik.

Vonandi verður bekkurinn þétt setinn er kemur að Landsmóti að ári og allir geta látið sér líða vel á þessum friðsæla stað.



Skjólshús og skutbill. Nauðsynlegt við störf Gísla á Skógarhólum.




„Vertu nú ævinlega blessaður Gísli minn og hafðu hjartans þökk fyrir.“



Ánægð með túrinn og dvölini.




Fólkið að leggja upp í heimferð.




W-C og aðstaða til þvotta.




Þetta er rúmgott,
notalegt og vistlegt.



Gisli stoltur við „patentið”.



Rennandi vatn úr krana er sjálfsgóður hlutur.



Fimm kojur í svitu standa ferðalöngum til
reiðu.



HESTURINN OKKAR

Tímarit
Landssambands
hestamannafélaga

Áskriftarsímar 29099 og 29899.

Ert þú áskrifandi...?

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1984

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

skýr.	1984	1983
Tekjur:		
3) Ársgjöld sambandsfélaga	Kr. 852.480.00	Kr. 485.310.00
2,3) Beitarskattur sambandsfélaga	" 298.368.00	" 173.325.00
Reiðskólastyrkur úr ríkissj.	" 25.000.00	" 10.000.00
Tekjur frá Landsmóti '82	" 0	" 30.000.00
Útg. smárita og filmul.(tekjur umfr.gj.)"	" 0	" 28.009.35
4) Útgáfa blaðsins "Hestar"	" 106.187.90	" 171.276.85
Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld	" 33.236.17	" 30.162.58
Tekjur alls	Kr. 1.315.272.07	Kr. 928.083.78
Gjöld:		
5) Laun og launakostn. á skrifst.	Kr. 426.487.00	Kr. 277.970.00
6) Annar skrifstofukostnaður	" 291.044.70	" 179.609.95
7) Þinghald og fundir	" 80.954.65	" 39.519.85
8) Akstur og ferðakostnaður	" 99.255.70	" 43.210.00
9) Námskeiðahald o.þ.h.	" 39.243.50	" 60.012.80
10) Rekstur Skógarhóla	" 30.683.65	" 37.736.70
11) Áburður, viðh. og uppb.áningarhólfa ...	" 95.060.67	" 44.453.15
13) Útg. smárita og filmul.(gj.umfr.tekjur)	" 74.096.00	" 0
12) Annar kostnaður	" 72.142.90	" 43.865.75
14) Afskriftir	" 20.400.00	" 18.580.00
Gjöld alls	Kr. 1.229.368.77	Kr. 744.958.20
Hagnaður á rekstri	Kr. 85.903.30	Kr. 183.125.58

EFNAHAGSREIKNINGUR

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

EIGNIR:

Skýr.

<u>Veltufjármunir:</u>	1984	1983
19) Bankainnistæður	Kr. 350.952.78	Kr. 317.647.90
15) Fyrirfr.gr.kostn. og viðsk.kröfur	" 68.770.46	" 60.772.04
20) Vangr. árgjöld og skattur	" 24.481.00	" 5.610.00
Víxileignir	" 13.932.00	" 0
Birgðir smárita, laga, reglug.o.fl.	" 90.000.00	" 90.000.00
<u>Veltufjármunir alls</u>	<u>Kr. 548.136.24</u>	<u>Kr. 474.029.94</u>
<u>Fastafjármunir:</u>		
Kvikmyndir	Kr. 200.00	Kr. 200.00
16) Skrifstofuáhöld og innréttingar	" 32.901.00	" 29.107.00
17) Myndbandstæki og myndbönd	" 33.631.00	" 42.625.00
18) Girðing Hvítárnesi	" 2.200.00	" 4.400.00
1) Skógarhólar, hús og svæði	" 55.000.00	" 2.250.00
<u>Fastafjármunir alls</u>	<u>Kr. 123.932.00</u>	<u>Kr. 78.582.00</u>
<u>EIGNIR ALLS</u>	<u>Kr. 672.068.24</u>	<u>Kr. 552.611.94</u>

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA


SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skýr.

<u>Skammtímaskuldir:</u>	1984	1983
22) Ógr. kostnaður	Kr. 40.776.00	Kr. 33.584.00
20) Ofgr. árgjöld	" 2.039.00	" 680.00
21) Viðskiptaskuldir	" 4.059.00	" 9.977.00
Hljómbær o.fl. (v/myndbands)	" 0	" 21.830.00
<u>Skuldir alls</u>	<u>Kr. 46.874.00</u>	<u>Kr. 66.071.00</u>
<u>Eigið fé:</u>		
23) Óráðstafað eigið fé	Kr. 625.194.24	Kr. 486.540.94
<u>Eigið fé alls</u>	<u>Kr. 625.194.24</u>	<u>Kr. 486.540.94</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS Kr. 672.068.24 Kr. 552.611.94

Reykjavík, 4. október 1985



Gísli B. Björnsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Landssambands hestamannafélaga, höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1984.

Við höfum sannreynt að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.


Mannvirki sambandsins á Skógarhólum eru nú eignfærð á gildandi fasteignamati, en höfðu áður verið uppfærð á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Landssambandsins árið 1983 og efnahag þess 31.12.1984 og mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 4. október 1985



Haraldur Sveinsson



Þorvaldur Þorvaldsson

HESTURINN OKKAR

<u>Tekjur:</u>	<u>1984</u>	<u>1983</u>
8) Askript og lausasala.....	Kr. 1.106.573.00	Kr. 802.594.00
1) Askript eldri árganga.....	" 0.00	" 113.000.00
Auglýsingar.....	" 112.800.00	" 44.000.00
Vaxtatekjur af bankareikningum.....	" 74.617.79	" 91.199.12
Tekjur alls	<u>Kr. 1.293.990.79</u>	<u>Kr. 1.050.793.12</u>

Gjöld:

Setning, prentun, umbrot.....	Kr. 784.448.00	Kr. 409.088.00
Myndir.....	" 11.400.00	" 13.893.00
Innheimta og dreyfing.....	" 83.674.94	" 100.385.00
2) Launa-, ferða- og símak. (starfsm. og ritn.)....	233.193.00	" 152.494.40
Tölvuvinnsla.....	" 11.341.00	" 12.445.00
3) Húsaleiga og skrifst.kostn.	77.337.00	" 1.240.00
Auglýsingar.....	" 15.525.00	" 9.710.00
Annar rekstrarkostnaður.....	" 9.519.00	" 6.606.00
Afskriftir áhalda.....	" 4.882.70	" 0.00
Gjöld alls	<u>Kr. 1.231.320.64</u>	<u>Kr. 705.861.40</u>

Tekjur umfram gjöld	<u>Kr. 62.670.15</u>	<u>Kr. 344.931.72</u>
----------------------------	----------------------	-----------------------

HESTURINN OKKAR

EIGNIR

<u>Veltufjármunir:</u>	<u>1984</u>	<u>1983</u>
Spb. nr. 36610 í Spsj. Rvk. og nágr. ..Kr.	776.795.11	Kr. 330.801.58
Avr. nr. 24575 " " " " " .."	103.249.95	" 207.592.19
4) Útistandandi auglýsingar....."	117.800.00	" 49.500.00
5) Útistandandi áskriftir....."	132.000.00	" 350.000.00
Veltufjármunir alls	Kr. 1.129.845.06	Kr. 937.893.77
 <u>Fastafjármunir:</u>		
6) Ahöld á skrifstofu.....Kr.	27.770.00	Kr. 100.00
	<u>Kr. 27.770.00</u>	<u>Kr. 100.00</u>
 Eignir alls	<u>Kr. 1.157.615.06</u>	<u>Kr. 937.993.77</u>

HESTURINN OKKAR

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

<u>Skammtímaskuldir:</u>	<u>1984</u>	<u>1983</u>
7) Ógreiddur kostnaður.....Kr.	508.837.14	Kr. 337.386.00
Skuldir alls	Kr. 508.837.14	Kr. 337.386.00
 <u>Eigið fé:</u>		
9) Óráðstafað eigið fé.....Kr.	648.777.92	Kr. 600.607.77
Eigið fé alls	Kr. 640.777.92	Kr. 600.607.77
 Skuldir og eigið fé alls	<u>Kr. 1.157.615.06</u>	<u>Kr. 937.993.77</u>

Reykjavík, 15. október 1985

Gísli B. Björnsson
 Gísli B. Björnsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur L.H., höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Hestsins okkar fyrir árið 1984.

Við höfum sannað að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.

Við teljum, að ársreikningurinn, sem samanstendur af rekstrarreikningi ársins 1984, efnahagsreikningi pr. 31.12.1984, skýringum og sundurliðunum nr 1-9, gefi glögga mynd af rekstri blaðsins árið 1984, og stöðu þess í árslok. Við mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 15. október 1985

Haraldur Sveinsson *Þorvaldur Þorvaldsson*
 Haraldur Sveinsson Þorvaldur Þorvaldsson

Ársgjöld og beitarsk. skv. uppgjöri til L.H. 1984:

	Félagsmenn	Félagsgjöld	Beitarskattur	Alls
Andvari	100	Kr. 12.000.00	Kr. 4.200.00	Kr. 16.200.00
Blakkur	50	" 6.000.00	" 2.100.00	" 8.100.00
Blær	41	" 4.920.00	" 1.722.00	" 6.642.00
Dreyri	200	" 24.000.00	" 8.400.00	" 32.400.00
Faxi	245	" 29.400.00	" 10.290.00	" 39.690.00
Fákur	876	" 105.120.00	" 36.792.00	" 141.912.00
Feykir	69	" 8.280.00	" 2.898.00	" 11.178.00
Félag tamningamanna	86	" 10.320.00	" 3.612.00	" 13.932.00
Freyfaxi	213	" 25.560.00	" 8.946.00	" 34.506.00
Funi	71	" 8.520.00	" 2.982.00	" 11.502.00
Geysir	380	" 45.600.00	" 15.960.00	" 61.560.00
Glaður	136	" 16.320.00	" 5.712.00	" 22.032.00
Glófaxi	39	" 4.680.00	" 1.638.00	" 6.318.00
Glæsir	94	" 11.280.00	" 3.948.00	" 15.228.00
Gnýfari	60	" 7.200.00	" 2.520.00	" 9.720.00
Goði	40	" 4.800.00	" 1.680.00	" 6.480.00
Grani	92	" 11.040.00	" 3.864.00	" 14.904.00
Gustur	351	" 42.120.00	" 14.742.00	" 56.862.00
Háfeti	76	" 9.120.00	" 3.192.00	" 12.312.00
Hornfirðingur	150	" 18.000.00	" 6.300.00	" 24.300.00
Hringur	113	" 13.560.00	" 4.746.00	" 18.306.00
Hörður	325	" 39.000.00	" 13.650.00	" 52.650.00
Kinnskær	44	" 5.280.00	" 1.848.00	" 7.128.00
Kópur	107	" 12.840.00	" 4.494.00	" 17.334.00
Léttfeti	157	" 18.840.00	" 6.594.00	" 25.434.00
Léttir	315	" 37.800.00	" 13.230.00	" 51.030.00
Ljúfur	78	" 9.360.00	" 3.276.00	" 12.636.00
Logi	128	" 15.360.00	" 5.376.00	" 20.736.00
Máni	185	" 22.200.00	" 7.770.00	" 29.970.00
Neisti	97	" 11.640.00	" 4.074.00	" 15.714.00
Óðinn	61	" 7.320.00	" 2.562.00	" 9.882.00
Seyður	20	" 2.400.00	" 840.00	" 3.240.00
Sleipnir	291	" 34.920.00	" 12.222.00	" 47.142.00
Smári	268	" 32.160.00	" 11.256.00	" 43.416.00
Snarfari	46	" 5.520.00	" 1.932.00	" 7.452.00
Sindri	161	" 19.320.00	" 6.762.00	" 26.082.00
Snæfellingur	234	" 28.080.00	" 9.828.00	" 37.908.00

Ársgjöld og beitarsk. skv. uppgj. til L.H. frh.:

	Félagsmenn	Félagsgjöld	Beitarskattur	Alls
Snæfaxi	63	Kr. 7.560.00	Kr. 2.646.00	Kr. 10.206.00
Stígandi	183	" 21.960.00	" 7.686.00	" 29.646.00
Stormur	120	" 14.400.00	" 5.040.00	" 19.440.00
Sörli	290	" 34.800.00	" 12.180.00	" 46.980.00
Trausti	109	" 13.080.00	" 4.578.00	" 17.658.00
Þjálfri	132	" 15.840.00	" 5.544.00	" 21.384.00
Þráinn	67	" 8.040.00	" 2.814.00	" 10.854.00
Þytur	141	" 16.920.00	" 5.922.00	" 22.842.00
Samtals	7.104	Kr.852.480.00	Kr. 298.368.00	Kr. 1.150.848.00

(Árgjald fyrir hvern féлага kr. 120 og beitarskattur kr. 42)